

Aðalfundur SKFÍ haldinn þann 21. maí 2007 á Mógilsá.

Mætt voru: Arnór Snorrason, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Bjarni D. Sigurðsson, Helgi Gíslason, Björgvin Eggertsson, Böðvar Guðmundsson, Einar Gunnarsson, Björn B. Jónsson, Raket J. Jónsdóttir, Hrefna Jóhannesdóttir, Fanney D. Baldursdóttir, Þorbergur Hjalti Jónsson og Sigvaldi Ásgeirsson.

Formaður félagsins, Hrefna, skipaði sig sem fundarstjóra og setti fund.

1. Skýrsla yfir störf liðins árs.

Aðalfundur var haldinn í Gömlu Gróðrarstöðinni í marslok 2006. Fundurinn var haldinn í kjölfar skógræktarráðstefnunnar á Mývatni og var ágætlega sóttur. Félagið tók á móti þrjátíu félögum úr Danska skógræðingafélaginu dagana 10.-17. september. Félagsmenn víðs vegar um landið voru SKFÍ til sóma og endaði ferðalag Danana á Mógilsá með fróðlegum erindum Aðalsteins og grillveislu í boði Mógilsár. Allir voru sammála um að vel hefði tekist til og var SKFÍ hvatt til þess að sækja Dani heim hið fyrsta! Því miður sáu fáir félagsmenn (Aðalsteinn, Hrefna og Einar) sér fært að koma í grillveisluna á Mógilsá. Það var það eina félagslega sem félagið stóð fyrir á árinu. Annars var árið 2006 tíðindalaust, enginn formlegur stjórnarfundur.

Inntaka nýrra félaga á árinu var í lágmarki. Skráðir félagar eru: Skógræðingarnir Aðalsteinn, Arnór, Bjarni Diðrik, Björgvin, Björn, Brynjar, Einar G., Fanney, Gugga, Hrefna, Hreinn, Johan, Jón Geir, Lalli, Óli finnski, Sigvaldi, Valgerður E. og Þorbergur Hjalti og skógtæknarnir Böddi, Hallgrímur og Óli Sæm. Aukaáðild að félaginu hafa skógræðinemarnir: Hrönn og Harpa Dís.

2. Nefndir og ráð félagsins gáfu skýrslur um störf á liðnu ári.

Námsmatsnefnd hafði litið fram að færa enda fáir sem sóttu um aðild að félaginu á árinu. Arnór lagði til að öllum sem væru orðnir skógræðingar yrði boðin aðild, nýjir skógræðingar þyrftu síðan að sækja um aðild þegar þeir útskrifuðust. Með þessu er vonast til þess að allir skógræðingar á landinu verði virkir aðilar í félaginu. Arnór tók að sér að undirbúa bréf sem hann sendir síðan til stjórnar. Stjórnin mun síðan sjá um að senda boðsbréfið út til skógræðinga sem ekki eru aðilar.

Endurmenntunarnefnd hafði ekki fundað á liðnu ári. .

3. Ársreikningur félagsins var lagður fram og samþykktur af fundarmönnum (sjá fylgiskjal).

4. Stjórnin stingur uppá óbreyttu árgjaldi, 3000 kr. Það var samþykkt einhljóða.

5. Laga- og reglugerðarbreytingar. Engar uppástungur komu fram.

6. Stjórnarkjör.

Formaður og ritari sitja í 1 ár enn. Kjósa þarf nýjan ritara, Brynjar gefur kost á sér aftur. Björgvin er varamaður, en kjósa þarf varamann að nýju. Formaður stakk uppá Brynjari sem ritara í 1 ár enn en síðan myndu stjórnarstörfin flytjast í annan landshluta. Þannig væri hægt að auðvelda stjórnarfundum og halda kostnaði í lágmarki. Fundargestir samþykktu Brynjar einhljóða sem ritara í eitt ár enn. Björgvin var endurkjörin sem varamaður.

7. Kjörið í námsmatsnefnd og til annarra trúnaðarstarfa.

Aðalsteinn og Arnór voru kosnir í fyrra og sitja því til 2008. Þorbergur Hjalti var kosinn einhljóða sem þriðji maður í stað Björns B. Jónssonar.

Kosið í endurmenntunarnefnd. Síðast var kosið í hana í marsbyrjun 2005, þá voru kosnir Þorbergur Hjalti og Hreinn. Stjórnin stingur uppá nefnd þar sem í sitja fulltrúar frá LHV, LBHÍ, Skógrækt ríkisins, SÍ og SKFÍ. Hugmyndin er ekki að nefndarmeðlimir verði málþípa sinnar stofnunar/félags heldur telur stjórnin að slík nefnd muni dekkja eftirspurn á endurmenntunarnámsefni og hafi líka góða yfirsýn yfir það sem er í gangi. Fundargestir kusu sem nefndarformann Björn B. Jónsson (LHV), Lárus Heiðarsson (S.r.), Björgvin Eggertsson (LBHÍ), Jón Geir Pétursson (SÍ) og Hrefna Jóhannesdóttir (SKFÍ).

8. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga. Böðvar og Óli Sæm. endurkjörnir.
9. Áætlun um störf næsta árs. Leggja áherslu á að fá fleiri til að ganga í félagið. Aðalmál þessa félags á friðartímum telur stjórnin vera að vinna að endurmenntunarmálum fyrir félagsmenn. Sinna þeim málum sem upp kunna að koma.
10. Önnur mál.

Fundargestir töldu ástæðu til að félagið vinni í endurmenntunarmálum strax haustið 2007 þrátt fyrir endurmenntunarferð sem Björn B. Jónsson er að skipuleggja til Danmerkur fyrir fagfólk. Bjarni ætlar að sækja um styrki til Evrópusambandsins svo hægt verði að greiða niður kostnað við þessi námskeið sem fyrirhuguð eru næstu þrjú árin, vika í senn. Haustið 2007 verður áherslan á skjólbeltarækt, haustið 2008 verður jólatrjáaræktun í brennidepli og enn er óljóst hvað verður tekið fyrir síðasta haustið. Þessi námskeið eru í samvinnu við Landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn en verða haldin í útibúi skólans í Nödebo.

Björgvin er að athuga með áhuga fyrir GIS-námskeiði á vegum LBHÍ. Lárus hefur verið í sambandi við sænska prófessora sem eru tilbúnir til að koma hingað til lands og halda námskeið fyrir okkur. Fundargestir almennt jákvæðir, sérstaklega þó tekið fram að mikilvægt sé að fyrirlesarar komi vel undirbúnir um íslenskar aðstæður.

Fram kom hjá ýmsum fundarmönnum að námskeiðshald á vegum endurmenntunardeildar LBHÍ væri of dýrt til að vera samkeppnisfært við það sem tíðkast hefur og það sem aðrir aðilar eru að bjóða upp á. Bjarni Diðrik nefnir að LBHÍ sé jákvæður út í samstarf við SKFÍ. Hægt væri að halda námskeiðskostnaði í lágmarki með því að láta meirihluta vinnunnar fara fram annars staðar en við LBHÍ en skólinn myndi engu að síður geta gefið fagstimpil þannig að hægt sé að meta námskeiðið til einhvers. Björgvin tekur undir þetta með Bjarna að endurskoða eigi verðskrá skólans og vonandi leysist þau mál á næstu 1-2 árum.

Þorbergur Hjalti er búinn að skissa hugmynd að lógói félagsins, hann ætlar að senda myndina til félagsmanna til að fá samþykki fyrir því.

Nefndarmenn stungu uppá því að fá Hrein Óskarsson og Morten til þessa að útbúa heimasíðu fyrir félagið.

Bjarni Diðrik tilkynnir að Skógræðingar hafi eignast Dúx við LBHÍ þetta vorið en það er hún Rakel J. Jónsdóttir sem náði þeim glæsilega árangri. Hún skrifaði B.Sc.verkefnið sitt um þróun aðferða við mat á rótarkali og fyrsta samanburð á meðferðum um mánuði eftir að plöntur voru settar inn á vetrargeymslu (frysti). Sannarlega ánægjulegt að fá hana til liðs við okkur.

Að því sögðu sýndi Rakel fundargestum skógarplöntur sem voru í ræktun í RGC-borði í tilraunahúsinu á Mógilsá.

Björn ræddi um Gunnarssjóð. Kom með tillögu um að sjóðurinn yrði vistaður hjá skógfræðingafélaginu. Vel tekið í hugmyndina.

Fleira ekki gert og fundi slitið.